

Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um gerð myndbands um Miklubraut í stökk

Á fundi borgarráðs þann 23. ágúst sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Óskað er eftir upplýsingum um hver fól umhverfis- og skipulagssviði að gera myndband í aðdraganda borgarstjórnarkosninga um Miklubraut í stökk.

Svar:

Gerð þrívíddarlíkans og myndbands um Miklubraut í stökk var unnin fyrir umhverfis- og skipulagssvið sem hluti af frumhönnun og athugun á framkvæmdinni, annars vegar, og sem hluti af vinnu hverfaskipulags, hins vegar. Í frumathugunina var ráðist, m.a. að tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, og hefur málið notið stuðnings allra flokka í borgarstjórn, að minnsta kosti fram að þessu. Hugmyndin að gerð myndbands kviknaði á stöðufundi um gerð hverfaskipulags Hlíðahverfis þar sem kynnt var staðan á frumhönnun á Miklubraut í stökk. Á fundinum voru meðal annars borgarstjóri, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúi, samgöngustjóri og verkefnisstjóri hverfisskipulags. Var ákveðið að umhverfis- og skipulagssvið léti vinna myndband til að skýra hugmyndina. Myndbandið var frumsýnt á íbúafundi í Hlíðahverfi sem hluti af kynningu á frumhönnun Miklubrautar í stökk. Notkun þrívíddarmynda og myndbanda hefur í auknum mæli verið notuð til að gera umfangsmikil og flókin skipulagsmál aðgengilegri, m.a. þeim sem ekki eru vanir að lesa úr tvívíðum teikningum eða fræðilegum textum og skipulagsskilmálum. Gert er ráð fyrir Miklubraut í stökk í aðalskipulagi Reykjavíkur til 2030 og einnig í samgönguáætlun ríkisins til 2033.

Dagur B. Eggertsson